



# Hvað er MiFID?

Ný lög um verðbréfavíðskipti gilda frá 1. nóvember 2007

**SFF**

SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

Icelandic Financial Services Association

## Ný lög um verðbréfavíðskipti

Með nýjum lögum um verðbréfavíðskipti, sem gilda frá 1. nóvember 2007, er innleidd í íslenskan rétt tilskipun Evrópusambandsins um markaði fyrir fjármálagerninga (e. Markets in Financial Instruments Directive eða svokölluð MiFID-tilskipun). MiFID-tilskipunin nær til allra ríkja á EES-svæðinu, þ.e. aðildarríkja ESB auk Íslands, Noregs og Liechtenstein. Með nýjum verðbréfavíðskiptalögum breytast ýmsar mikilvægar reglur sem lúta að því hvernig staðið skuli að víðskiptum með verðbréf.

## Á hverja hafa nýju lögin áhrif?

Breytingarnar hafa áhrif á alla þá einstaklinga og fyrirtæki (lög-aðila) sem eiga í verðbréfavíðskiptum.

## Hvert er markmiðið með löggjöfinni?

MiFID-tilskipunin er liður í áætlun Evrópusambandsins sem miðar að því að setja samræmdar reglur um neytendavernd fjárfesta og skapa sameiginlegan innri markað með fjármálaþjónustu. Löggö er áhersla á aukið eftirlit, faglega framkvæmd og upplýsingagjöf. Þá er löggjöfinni ætlað að tryggja að víðskiptavinir fjármálafyrirtækja, sem eiga í verðbréfavíðskiptum, fái ávallt viðeigandi upplýsingar og ráðgjöf.

## Áherslur nýrra laga um víðskipti með verðbréf:

- Víðskipti með verðbréf verði í samræmi við fjárfestinga-markmið viðkomandi víðskiptavinar
- Víðskiptavinurinn geti borið þá fjárhagslegu áhættu sem víðskiptunum er samfara
- Víðskiptavinurinn geri sér grein fyrir áhættunni samfara víðskiptunum



## NEYTENDAVERND FJÁRFESTA

Markmið MiFID-tilskipunarinnar er að auka neytendavernd fjárfesta. Tekið er mið af reynslu og þekkingu aðila sem stunda viðskipti á fjármálamörkuðum. Neytendavernd fjárfesta er mismikil og fer minnkandi eftir því sem reynsla og þekking á verðbréfavíðskiptum er talin meiri. Því eru fjárfestar flokkaðir í þrjá meginflokka:

- Almenna fjárfesta
- Fagfjárfesta
- Viðurkennda gagnaðila

Fjármálafyrirtækjum er skylt að flokka alla sína viðskiptavini í ofangreinda flokka og tilkynna þeim hvaða flokki þeir tilheyra og hvaða þýðingu það hafi.

Eftir breytingarnar fá almennir fjárfestar meiri upplýsingar frá fjármálafyrirtækjum en hingað til. Markmiðið er að skuldbinda fjármálafyrirtæki til að veita viðskiptamönnum þær upplýsingar, sem eru nauðsynlegar, svo að þeir geti tekið upplýstar ákvarðanir um fjárfestingar.

Fjármálafyrirtækjum er skylt að afla upplýsinga hjá fjárfestum til að tryggja að þau geti veitt viðeigandi ráðgjöf og þjónustu.



## ALMENNIR FJÁRFESTAR

### Hverjir eru almennir fjárfestar?

Samkvæmt skilgreiningu laganna eru almennir fjárfestar þeir sem uppfylla ekki skilyrði til að verða fagfjárfestar. Í þennan hóp falla í raun flestir einstaklingar og smærri fyrirtæki og félög.

### Hversu mikillar verndar njóta almennir fjárfestar?

Almennir fjárfestar skulu njóta hámarksverndar ákvæða verðbréfa- viðskiptalaganna um neytendavernd fjárfesta.



### Helstu reglur sem gilda um neytendavernd almennra fjárfesta:

- 1. Samningur milli fjármálafyrirtækis og viðskiptavinar**  
Taki fjármálafyrirtæki að sér þjónustu á sviði verðbréfa- viðskipta fyrir almennan fjárfesti skal gerður samningur milli fjármálafyrirtækisins og viðskiptavinar þar sem m.a. skal kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila. Auk þess skulu fjármálafyrirtæki halda skrár varðandi alla þjónustu sem þau veita og öll viðskipti sem þau hafa milligöngu um á sviði verðbréfavíðskipta.

Samning milli fjármálafyrirtækis og viðskiptavinar skal gera hvort sem um er að ræða viðvarandi viðskiptasamband eða ein tiltekin viðskipti.

- 2. Upplýsingagjöf til viðskiptavina**

Fjármálafyrirtæki skal veita greinargóðar upplýsingar um fjármálafyrirtækið sjálft, þjónustu þess, þá fjárfestingarkosti sem standa til boða og þá áhættu sem slíkum fjárfestingum fylgir.

Upplýsingar sem fjármálafyrirtækið veitir skulu vera skýrar og sanngjarnar og mega ekki vera villandi.

Upplýsingar skulu vera þannig úr garði gerðar að viðskiptavinir geti tekið upplýsta fjárfestingarákvörðun á grundvelli þeirra.



### 3. Mat á þekkingu og reynslu viðskiptavina

Fjármálafyrirtæki skal kanna og leggja mat á þekkingu, fjárhagslegan styrk og reynslu viðskiptavina sinna áður en þeim er veitt þjónusta á sviði verðbréfavíðskipta.

**Afli fjármálafyrirtæki ekki þeirra upplýsinga, sem kveðið er á um, er því óheimilt að láta viðskiptavini í té ráðleggingar um verðbréfavíðskipti.**

### 4. Framkvæmd viðskiptafyrirmæla

Við framkvæmd viðskiptafyrirmæla skal fjármálafyrirtæki leita allra leiða til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavini sína, m.a. með tilliti til verðs, kostnaðar, hraða og annarra þátta sem máli skipta. Ávallt skal þó fylgja fyrirmælum viðskiptavinar.

Fjármálafyrirtæki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fullnægja skyldum um bestu framkvæmd, m.a. með því að setja sér verklagsreglur um framkvæmd viðskiptafyrirmæla. Þá er hverju fjármálafyrirtæki gert skylt að kynna fyrir viðskiptavininum sínum meginefni reglna sinna um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla.

## FAGFJÁRFESTAR

Með fagfjárfestum er átt við viðskiptavinum sem búa yfir reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka sjálfir ákvarðanir um fjárfestingar og meta áhættuna sem þeim fylgir.

Hugtakið fagfjárfestir er mikilvægt í ljósi þess að gerður er munur á því hvort um er að ræða almennan fjárfesti eða fagfjárfesti þegar kemur að neytendavernd fjárfesta. Þannig er verndin meiri fyrir almenna fjárfesta en fagfjárfesta.

### Hverjir eru fagfjárfestar?

1. Lögaðilar sem hafa starfsleyfi eða sinna lögbundinni starfsemi á fjármálamörkuðum svo sem fjármálafyrirtæki, váttryggingafélög, sjóðir um sameiginlega fjárfestingu og lífeyrissjóðir
2. Stór fyrirtæki sem uppfylla tiltekin skilyrði um efnahagsreikning, ársveltu og eigið fé
3. Ríkisstjórnir, sveitarstjórnir, seðlabankar og alþjóðastofnanir
4. Aðrir stofnanafjárfestar sem hafa það að aðalstarfi að fjárfesta í fjármálagerningum
5. Aðilar sem samþykktir hafa verið sem fagfjárfestar á grundvelli umsóknar fjárfestis

Fagfjárfestum er heimilt að óska eftir því að hafa stöðu almennra fjárfesta almennt sem og í einstökum viðskiptum.

Almennir fjárfestar geta óskað eftir því að fjármálafyrirtæki fari með þá sem fagfjárfesta. Þegar almennur fjárfestir óskar eftir því að verða fagfjárfestir skal fjármálafyrirtæki leggja mat á sérfræðikunnáttu, reynslu og þekkingu viðskiptavinarins.

## VIÐURKENNDIR GAGNAÐILAR

Viðurkenndir gagnaðilar eru aðilar sem falla undir 1., 2. eða 3. tölu við skilgreiningar á fagfjárfestum.

Viðurkenndir gagnaðilar njóta minni fjárfestaverndar en aðrir fagfjárfestar.



## KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ

1. Kynntu þér málið betur hjá þínu fjármálafyrirtæki
2. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Samtaka fjármála-  
fyrirtækja (SFF) [www.sff.is/mifid](http://www.sff.is/mifid)
3. Fyrirspurnir má senda á [sff@sff.is](mailto:sff@sff.is). Svör við algengum  
spurningum verða birt á heimasíðu SFF, [www.sff.is/mifid](http://www.sff.is/mifid)

SFF

SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

Icelandic Financial Services Association





SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

Icelandic Financial Services Association